

Úrslit ómerkingar- og refsikröfu stefnanda verða þá sankvæmt framanskráðu þau, að öll þau ummæli, sem tilgreind eru hér að framan verða dæmd dauð og ómerk og stefndum refsað fyrir þau, sem refsiverð eru talin, þykir refsingin hæfilega kveðin 400 króna sekt í rikissjóð og komi í stað sektarinnar ef hún verður ekki greidd áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn, 20 daga einfalt fangelsi.

Að því er snertir skaðabótakröfu stefnanda þá verður að fallast á það hjá honum, að sum hinna umstefndu ummæla geta talizt til þess fallin að hafa bakað stefnanda tjón. En þar sem hann hefir alls ekki gegn eindregnum mótmælum stefnda sannað eða rökstutt þá staðhæfingu sína nægilega, að hann hafi í raun og veru beðið nokkurt tjón eða umfram það, sem hans eigið framferði kann að hafa bakað honum, þá verður skaðabótakrafa hans ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir hæfilegt, að stefndur greiði stefnandanum kr. 100,00 í málskostnað.

Vegna anna hefir eigi verið unnt að kveða upp dóm í þessu máli fyr en nú.

Föstudaginn 5. febr. 1932.

Nr. 93/1931. Réttvísín (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Páli J. Þorleifssyni og Sæmundi Steindóri Einarssyni

(Pétur Magnússon).

Brot g. 262., 263. og 264. gr. 2. mgr. h. alm. hegningarlaga.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 27. maí 1931: Ákærður, Steindór Sæmundur Einarsson, skal vera sýkn af ákæru réttvísinnar í þessu máli.

Ákærður, Páll Jóhann Þorleifsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 2 mánuði og greiði allan kostnað.

að sakarinnar, þar á meðal greiði hann kr. 65 til skipaðs verjanda síns hér í réttinum, Gústafs A. Sveinssonar málfærslumanns.

Hann skal og sviftur leyfi til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki um næstu 5 ár frá uppsögn dóms þessa.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða auka-réttardómi er það sannað, að ákærði, Páll J. Þorleifsson, hefir eigi haldið allar þær bækur, sem kaupmönnum er skylt að halda samkvæmt lögum nr. 53, 11. júlí 1911, að bókhaldið hefir, verið óa-byggilegt og í óreiðu, og að ákærði hefir algerlega vanrækt að gera hið árlega yfirlit yfir efnahag sinn svo sem fyrir er mælt í 5. gr. nefndra laga.

Ákærði hefir kannast við það, að í janúarmánuði 1929, hafi honum verið orðið það ljóst, að hann átti eigi fyrir skuldum og að gjaldþrot hans var yfirvofandi, en eins og efnahag hans var varið, sérstaklega með það fyrir augum, að aðaleignir hans auk vörubirgða voru útistandandi skuldir, sem ákærði mátti vita, að voru ótryggar og vafasamar, hlaut ákærða að hafa verið orðið það ljóst, þegar á árinu 1928, að hann þá átti engan veginn fyrir skuldum. Þrátt fyrir þetta hefir hann haldið áfram að panta vörur og útvega sér vörulán, og loks hefir ákærði, eftir að hann sá, að gjaldþrot var yfirvofandi ívilnað einstökum af skuldheimtumönnum sínum með skuldagreiðslum, og má í því efni nefna, að á árinu 1929 hefir hann greitt einum skuldheimtumanni kröfu hans, um 7000 kr. að fullu, og hefir aflað sér fjár til þess með því að selja vörur úr verzlun sinni með óeðlilega lágu

verði, og verður það svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, að teljast sannað, að ákærði hefir á árinu 1929 selt vörur undir innkaupsverði og með því skaðað skuldheimtumenn sína. Hinsvegar verður eigi séð, að ákærði hafi skotið eignum undan þrotabússkiptunum.

Eftir því sem málið liggur fyrir hæstarétti er það ekki sannað, að meðákærði, Steindór Sæmundur Einarsson, hafi gert sig sekan um visvitandi ranga færslu á bókum verzlunarinnar, og ber því að sýkna hann af ákæru réttvisinnar í máli þessu svo sem undirdómariinn hefir gert.

Afbrot ákærða, Páls J. Þorleifssonar, er í undirdóminum réttilega heimfært undir 262., 263. og 264. gr., 2. mgr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin af undirdóm-aranum 2ja mánaða fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi. Svo ber og að staðfesta ákvæði dómsins um að ákærði verði sviptur leyfi til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki um næstu 5 ár og um málskostnað.

Ákærða, Páli J. Þorleifssyni, ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 120 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða aukaréttardómi skal óraskað. Ákærði, Páll J. Þorleifsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Garðars Þorsteinssonar og Péturs Magnússonar, 120 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Páli Jóhanni Þorleifssyni, fyrv. kaupmanni, til heimilis á Grettisgötu 2 A., og Steindóri Sæmundi Einarssyni, Laugaveg 42, hér í bænum fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 25, frá 14. júní 1929 um gjaldþrotaskipti, nr. 53, frá 11. júní 1911 um verzlunarbækur og gegn ákvæðum 26. kapitula alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina:

Tildrög þessa máls eru þau, að bú ákærða í þessu máli, Páls J. Þorleifssonar, var eftir beiðni ákærðs sjálfs tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði lögmannsins í Reykjavík, dags. 1. nóv. 1929. Hinn 10. dez. s. á. var ákærður kallaður fyrir rétt og taldi hann þá helztu ástæðurnar fyrir því, að hann hafði orðið gjaldþrota vera þær að hann hafði tapað á árinu 1928 og 29 á vörutegund, sem heitir „Fama“ og er gólfefni, taldi hann sig hafa tapað að minnsta kosti 10 þúsundum króna á öllum undirbúningi og leyfi til þess að selja þetta byggingarefni en síðan hafi hann keypt efni fyrir 5—6 þúsund krónur, en hann hafi aðeins fengið um 1000 krónur fyrir þessa vörutegund.

Rannsóknardómarinn fól því Birni Steffensen endurskoðara með bréfi, dags. 10. febrúar 1930, að endurskoða bókhald hins ákærða og þeirri endurskoðun skilaði hann til dómarsins 12. sept. 1930. Þessi endurskoðun sýnir það, að rekstursreikningur ákærða fyrir tímabilið frá 1. jan. til 9. sept. 1929 verður þannig, að vörubirgðir voru 1. jan. 1929, 17962,48 krónur, og keyptar vörur á árinu fyrir krónur 61219,51, eða samtals krónur 78191,99. Vörur voru seldar á tímabilinu fyrir 61401,89 krónur og vörubirgðir um það bil er ákærður varð gjaldþrota voru samkvæmt uppgjöri hans krónur 9577,85, hafði þá bruttó tap fyrir þetta tímabil orðið kr. 7202,25. Af þessu dregur endurskoðandinn þá ályktun, að ákærður hljóti að hafa selt vörur undir innkaupsverði á tímabilinu.

Jafnframt getur endurskoðandinn þess, að svo lítið

hafi verið afskrifað af skuldum, að þrotamaður hafi sennilega verið orðinn „insolvent“ á árinu 1927, ef að afskrifað sé af skuldum sem hæfilegt verði að telja.

Eftir að þessari endurskoðun var lokið, sem var nokkuð lausleg, kom það í ljós að ýms fylgiskjöl viðvikjandi þrotabúinu lágu hjá Lárusi Fjeldsted, hrmflm. án þess að dómarrinn hafi fengið vitneskju um það. Með bréfi, dags. 18. okt. 1930, fól því rannsóknardómarrinn Birni Árnasyni, nákvæma endurskoðun á bókhaldi gjaldþrota, því Björn Steffensen hafði þá ekki tíma til að ganga frá endurskoðuninni frekar. Með bréfi, dags. 5. jan. 1931, hefir dómarrinn svo mótttekið greinargerð um endurskoðun Björns E. Árnasonar. Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að bókhaldið sé mjög lélegt og nái ekki tilgangi sínum. Bendir hann á það, að brúttóhagnaður á árinu 1928 hafi numið um 15%, en árið eftir ekki einu sinni hafst innkaupsverð að viðlögðum sölukostnaði upp úr vörusöluinni, heldur orðið um kr. 7600 tap; treystir endurskoðandinn sér ekki til að segja í hverju þetta liggur.

Hvað viðkemur efnahagnum, telur endurskoðandinn áreiðanlegt að ákærður hafi verið orðinn insolvent 1. jan. 1929, því þá hafi skuldir umfram eignir verið orðnar krónur 2664,85. En við þetta er það að athuga, að hér er ekkert verulegt afskrifað af útistandandi skuldum og siðar hafa komið fram við rannsóknina skekkjur í bókhaldinu, sem virðast benda til þess að ákærður hafi áður verið orðinn insolvent. Er hér sérstaklega átt við þær skekkjur, sem komu í ljós, er tekið var að innheimta útistandandi skuldir. Þetta verk hafði á hendi málfærsluskristofa Lárusar Fjeldsted hrmflm. og er hann ætlaði að fara að innheimta skuldirnar, komu skuldararnir með kvittanir og viðurkenningar, er námu hundruðum og jafnvel þúsundum og ekki höfðu verið færðar á reikning þeirra í bókum ákærðs þeim til tekna. Ekki hefir verið hægt að sannreyna hve viðtæk þessi óreiða var, en meðal annars má þó geta þess, að einn skuldari sem talinn var í bókunum að skulda kr. 2595,93 var látinn borga krónur 1000 — þúsund krónur — vegna þess að hann sýndi kvittanir, er ekki þótti fært að véfengja. Annar maður, sem skuldaði kr. 1250,02 og sýndi kvittun fyrir kr. 500,00, sem ekki hafði verið færð inn. Einn maður var talinn skulda kr. 1860,84,

málfærsluskrifstofan varð að ganga inn á að hann greiddi kr. 480,00 eftir að hún hafði athugað kvittanir hans og gögn. Þetta voru einna stærstu skekkjurnar en þær voru margar fleiri.

Einnig má geta þess, að á árinu 1929, er talið greitt úr verzluninni kr. 1071,28 fyrir „Terrassomaskine“ og fært á áhaldareikning. Síðan hefir komið í ljós að þessi upphæð hefir verið tekin að láni, og sá sem lánaði þá upphæð hefir eignast vélina um leið og hún var innleyst. Versnar því efnahagur ákærðs og um þessa upphæð.

Með tilliti til þess sem nú hefir verið sagt má því telja víst, að ákærður hefir verið orðinn insolvent þegar í byrjun ársins 1928 þó ekki sé ósennilegt að honum hafi fyrst orðið það ljóst vegna þess hve bókhald hans var lélegt um áramótin 1928 og 29, eins og hann sjálfur játar og heldur fram.

Meðákærður í þessu máli, Sæmundur Einarsson, sem var bókhaldari hjá ákærðum, hefir skýrt svo frá og ákærður Páll hefir viðurkennt að það sé rétt, að ákærður hafi byrjað að verzla 1923 eða 1924, en ekkert bókhald haft fyrr en ákærður Sæmundur kom til hans í maimánudí 1927. Það sem hann kveðst hafa haft til þess að halda sér að er hann byrjaði bókhaldið, voru skýrslur sem gerðar höfðu verið til skattanefndar, telur hann að þessar skýrslur hafi verið mjög ófullkomnar meðal annars hafi eigin árseyðsla ákærðs Páls þar verið talin kr. 2400,00, en það kveður hann sér hafa virzt alltof litið, samanborið við það sem hann síðar þurfti, eftir að ákærður Sæmundur kom til hans. Hann kveðst smátt og smátt hafa komizt að því að efnahagurinn var verri en hann hélt í fyrstu, því smátt og smátt hafi verið að koma upp skuldir sem Páll hafi ekki munað eftir og hvergi hafi verið færðar. Þá telur hann og það líklegt, að útistandandi skuldir búsin hafi verið taldar hærri en þær voru í raun og veru, vegna þess að Páll hafi oft innheimt skuldir án þess að tilkynna yfirh. það og svo gleymdist að færa það eins og gefur að skilja. Þá kveðst hann hafa unnið samhliða bókhaldinu að afgreiðslu og var þá bókhaldið látið biða, á meðan aðeins færðar nótubækur og einnig var fært í frumbók það sem innkom kontant fyrir daginn. Einnig kveðst hann hafa farið til útlanda í byrjun ársins 1930 og kom

ekki aftur fyrr en 4. marz, en á meðan kveður hann ekkert eða sama sem ekkert bókhald hafa verið haldið. Var þá reynt að gera upp kassann og virtist þá vera mikið meira í kassa en borgað hafði verið út, því láðst hafði að rita í bækurnar sumt af því sem innborgað hafði verið.

Lýsing Björns E. Árnasonar endurskoðanda á bókhaldinu er þannig, að haldnar hafi verið frá 1. jan 1928, því þá byrjaði bókhaldið: Nótubækur, dagbækur, höfuðbækur fyrir innlenda og erlenda viðskiptamenn, en hvorki virðast hafa verið haldnar aðalbók né efnahagsbók eins og fyrirskipað er í lögum nr. 53 frá 1911.

Við dagbókina, er endurskoðandinn kveður verða að teljast aðalbók í bókhaldinu, er það að athuga að innfærslur í hana hafa eigi verið gerðar jafnóðum og atvik þau gerast er bókfærslan átti að sýna, heldur löngu síðar. En þessa aðferð telur endurskoðarinn mjög hættulega, því alltaf geti glatazt fylgiskjöl, ef ekki er því betri regla og aðgætni við geymslu þeirra. Þar sem enginn kassabók hafi verið færð, telur endurskoðarinn líklegt að aldrei hafi verið hægt að gera sjóðinn upp, nema ef til vill um áramótin 1928.

Þá hefir endurskoðandinn bent á það, að blandað hafi verið saman einföldu og tvöföldu bókhaldi á hinn óheppilegasta hátt. Af þessum ástæðum telur hann endurskoðun þessa fyrirtækis hafa valdið miklum erfiðleikum, enda reyndist svo, því lengra sem haldið var, þess flóknara og erfiðara var við skoðunina að fást.

Eins og tekið er greinilega fram hér að framan, telur ákærður orsakir til gjaldþrotsins vera þær, að hann hafi tapað svo mjög á svokölluðu „Fama“-efni, en við endurskoðunina og rannsókn málsins hefir það nú komið í ljós að þetta tap er ekki mjög verulegt, minnsta kosti er mikið af þeim skuldum, sem stofnaðar hafa verið við Famaefni hjá ákærðum færðar í verzlunarbækur, og hefir þetta því ekki breytt efnahagnum á pappírnum verulega. En hitt er annað mál, að ákærður mun hafa gert sér vonir um það, á árinu 1928, að þetta efni yrði veruleg verzlunarvara fyrir hann og að hann gæti jafnvel rétt hinn lélega efnahag sinn við hagnaðinn á sölu þess. Og hann hefir játað það undir rannsókn þessa máls, að þegar útséð hafi verið um það, um áramótin 1928—29, að Famaefni gæti ekki orðið

verzlunarvara hér þá hafi verið fyrirsjáanlegt að gjaldþrot var yfirvofandi.

Þrátt fyrir það, þótt ákærður þannig sæi að gjaldþrot hans var yfirvofandi, hélt hann áfram að taka vörur að láni, enda þótt að fyrirsjáanlegt væri af því sem að fram- an er sagt, að hann gæti ekki greitt þær vörur. Hann kaup- ir vörur fyrir 61 þúsund 219 krónur 51 eyrir á árinu 1929, og var talsvert verulegur hluti þeirra vara ógreiddur er ákærður varð gjaldþrota. Við rannsóknina hefir það upp- lýst að sumt af þessum vörum og öðrum vörum sem á- kærður átti frá fyrra ári seldi hann undir innkaupsverði og notaði hann þessa peninga meðal annars til að greiða ýmsum skuldheimtumönnum, bæði eldri og yngri, og gengu þær greiðslur að sjálfsögðu nokkuð ójafnt yfir eins og verða vill, og að ákærður hefir ekki lagt verulega á- herzlu á það, að þessar greiðslur gengju jafnt yfir sýnir bréf, sem hann hefir skrifað einum af viðskiptamönnum sínum, þar sem hann býðst til að ivilna þessum viðskipta- manni (privat) ef að þessi viðskiptamaður vilji halda á- fram að skipta við hann eftir að hann sé orðinn gjaldþrota.

Af framangreindum ástæðum er það ljóst, að bókhald ákærðs, Páls J. Þorleifssonar, hefir verið í óreiðu, hann hefir tekið vörur að láni og greitt sumum skuldheimtu- mönnum sínum eftir að hann sá eða hlaut að sjá, að hann gat ekki staðið í skilum með greiðslu vörulánanna og að gjaldþrot hans var yfirvofandi.

Hvað bókhaldinu viðkemur er athugandi, hvor hinna ákærðu ber ábyrgð á óreiðu þess. Ákærður, Steindór Sæ- mundur Einarsson, er kennari að menntun og það vissi ákærður, Páll J. Þorleifsson, þegar hann réði hann til sín sem bókhaldara. Jafnframt lætur hann Sæmund vinna oft vikum saman að afgangslustörfum og einu sinni sendi Páll hann í verzlunarerindum til útlanda á tímabilinu. Nauðsyn- leg skilríki fyrir þeim viðskiptum sem fór í gegnum hend- ur ákærða, Páls, sjálfs, virðist ákærður Sæmundur stund- um ekki hafa fengið.

Eins og á stendur virðist ákærður, Steindór Sæmund- ur Einarsson, sem er fæddur 3. september 1889, og ekki hefir áður sætt ákæru né refsingu, ekki eiga sæta refs- i- ábyrgð fyrir óreiðuna í bókhaldinu og verður því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar í þessu máli.

Með framferði sínu, þ. e. lántökum og innheimtum eftir að gjaldþrotið var yfirvofandi og óreiðu á bókhaldinu, sem öllu er lýst hér að framan, hefir Páll J. Þorleifsson brotið gegn 262., 263. og 264., 2. málsgrein alm. hegningarlagar frá 25. júní 1869.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. júní 1896. Refsing sú, sem ákærður Páll hefir til unnið þykir hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi í tvo mánuði. Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar á meðal Gústaf A. Sveinssyni málafærslumanni kr. 65 í málsvarnarlaun sem skipaðs verjanda síns hér í réttinum.

Með tilliti til þess framferðis ákærðs, Páls J. Þorleifssonar, sem lýst er hér að framan, verður og samkv. ákvæðum 8. gr., 4. málsgrein, laga nr. 25 frá 15. júní 1929 um gjaldþrotaskipti, að svifta ákærðan, Pál J. Þorleifsson, leyfi til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki um næstu 5 ár frá uppsögn dóms þessa.

Sá dráttur, sem orðið hefir á rannsókn máls þessa, stafar af því hve erfitt hefir verið vegna annríkis bókhaldsfróðra manna að fá bókhaldsrannsóknina innta af hendi og með viðunandi hraða. En af hendi rannsóknardómarans sjálf hefir enginn óþarfa dráttur orðið á rekstri máls þessa.

Föstudaginn 5. febr. 1932.

Nr. 110/1931. Hannes Sigurlaugsson

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Petreu Ingimarsdóttur Hoffmann

(Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 2. febr. 1931: Kærður, Hannes Sigurlaugsson, skal teljast faðir að barni því, er kærandi, Petrea Ingimarsdóttur Hoffmann, gengur með,